



Reykjavík, 30. janúar 2024

MSS24010165

Borgarráð

***Samkomulag um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu
hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi Seljahlíðar, heimili aldraðra og Sjúkratrygginga Íslands um frestun uppsagnar á samningu um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag Seljahlíðar, heimili aldraðra og Sjúkratrygginga Íslands um frestun uppsagnar á samningu um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55, drög.



Reykjavík

Samkomulag

Sjúkratryggingar Íslands (Sjúkratryggingar), kt. 650309-0220, og Seljahlíð, heimili aldraða (verksali), kt. 430486-1529 gera með sér svofellt samkomulag um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins að Hjallaseli 55, Reykjavík, dags. 20. desember 2019, sbr. síðari breytingar.

Með bréfi dags. 23. febrúar 2023 sagði borgarstjóri Reykjavíkurborgar, f.h. verksala upp ofangreindum samningi.

Samhliða viðræðum um verklok hefur ekki verið úthlutað í þau hjúkrunarrými sem losnað hafa á síðustu mánuðum og hefur íbúðum verið úthlutað til eldra fólks sem metið er í þörf fyrir þjónustuíbúðir skv. reglum borgarinnar. Alls eru nú 14 hjúkrunarrými í rekstri í Seljahlíð. Með samkomulagi þessa hafa samningsaðilar komið sér saman um að fresta framkvæmd uppsagnar þeirra og þar með verklokum um 12 mánuði eða til og með 1. september 2024. Verksali skal eigi síðar en 1. júní 2024 skila verklokaáætlun til Sjúkratrygginga. Flutningur núverandi íbúa úr varanlegum hjúkrunarrýmum hjá verksala skal hefjast 1. mars 2024. Fulltrúar Reykjavíkurborgar upplýsa færni- og heilsumatsnefnd um ósk núverandi íbúa m.t.t. flutnings. Staðan verður metin eigi síðar en 30. apríl 2024 þ.e. hversu margir íbúar eru enn hjá verksala og að þeir fái forgang í þau varanlegu hjúkrunarrými sem losna á þeirra óskaheimili. Ef ekki losnar rými á óskaheimili verði tryggt að þeir fái pláss á öðru heimili tímabundið, eigi síðar en í ágúst mánuði 2024. Komi til þess að þann 1. september 2024 séu enn íbúar í varanlegum hjúkrunarrýmum, vegna utanaðkomandi aðstæðna óviðkomandi verksala, munu Sjúkratryggingar greiða 50% álag á hvert daggjald fyrir hvern íbúa í þá daga sem þeir dvelja hjá verksala eftir þann tíma og þar til flutningur á sér stað.

Frá undirritun samkomulags þessa skal verksali nýta þau hjúkrunarrými og þjónustuíbúðarými sem eru laus og koma til með að losna sem skammtímarými (hvíldarrými). Verksali skal stýra inntöku í skammtímarými með það að leiðarljósi að enginn njóti þjónustu í þeim eftir 31. ágúst 2024. Sjúkratryggingar munu vegna þessa greiða verksala gegn framvísun reiknings kr. 3.625.000,- mánaðarlega í 6 mánuði, í fyrsta sinn fyrir mars mánuð. Greiðslan er til viðbótar greiðslum samkvæmt ofangreindum samningi.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og samþykkt borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, ___ janúar 2024

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti